



Alþingi
Erindi nr. P 137/437
komudagur 26.6.2009

25. júní 2009
SI-53141

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 22. júní 2009 óskaði Efnahags- og Skattnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, mál 118 á 137. þingi á þingskjali 155.

Frumvarpið er einungis fyrsta skrefið í því átaki sem fram undan er til að ná jöfnuði á ríkissjóði. Það virðist einungis taka til aðgerða á árinu 2009, þótt áætlanir um niðurstöðutölur fyrir 2010 fylgi með. Af tæknilegum ástæðum er mikilvægt að afgreiðslu ljúki fyrir 1. júlí.

Miðað við endurmat skv. áætlunum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þarf með virkum aðgerðum að bæta afkomu ríkissjóðs um samtals 120 ma.kr.,¹ og er þá reiknað með að afkoman batni alls um 230 ma.kr. fram til 2013.² Því er áætlað að efnahagsbati og uppgreiðsla skulda bæti afkomuna um u.þ.b. 110 ma.kr. Þangað til verður ríkissjóður rekinn með stórfelldum halla og skuldir og vaxtakostnaður hlaðast upp. Seðlabankinn tekur heils hugar undir nauðsyn þess að stöðva skuldafnununina svo tryggja megi sjálfbærni ríkisfjármála sem fyrst og frumvarpið virðist raunhæft skref í þá átt. Ítarlegra mat á hvort sjálfbærni skulda verður þó ekki hægt að gefa fyrir en nákvæmari áætlanir fyrir árin 2010-2013 liggja fyrir.

Það er ekki í verkahring Seðlabankans að segja til um hvernig byrðum er skipt af áttakinu framundan, nema þá ef skiptingin virðist hafa afgerandi

¹ Samanber. tölur neðst á bls. 10 í frumvarpi.

² Úr -177,6 í -20 ma.kr. 2009 m.v. töflu á bls. 10 og áætlaða framúrkeyslu án aðgerða í +50 ma.kr. 2013 (sama tafla).

SEÐLABANKI ÍSLANDS


KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

áhrif á efnahagsstarfsemina. Svo virðist ekki vera. Hvað skiptinguna varðar almennt, virðist langsótt í þessu fyrsta skrefi að nokkur þeirra tekjustofna eða gjaldaliða sem frumvarpið hreyfir við, muni haldast óbreyttir í næstu skrefum niðurskurðarins. Því skiptir ekki sköpum á hverju er tekið nú og hverju í næstu lotu.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygarð
seðlabankastjóri


Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur